

Nótatrygging

Skilmáli nr. M-11

1. gr. Það sem félagið bætir:

Bætt er tjón og kostnaður sem hér segir:

- 1.1 Algert tjón ef nót ferst með skipinu.
- 1.2 Algert tjón og partstjón, ef þau stafa beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir, eða það rekst á annað skip, fasta hluti eða fljóttandi.
- 1.3 Brunatjón, einnig meðan verið er að flytja nót um borð eða frá borði.
- 1.4 Þátttaka í samtjóni, samtjónskostnaði og hliðstæðum kostnaði, sem og björgun.

2. gr. Takmörkun bóta

- 2.1 Enda þótt nót hafi verið vátryggð fyrir ákveðinni upphæð, áskilur félagið sér rétt til að miða bætur fyrir algert tjón við sannvirði hennar, eftir aldri og ástandi.
- 2.2 Ef skip hefur samtímis tvær eða fleiri nætur um borð, fellur aðeins ein nót undir vátryggingarskírteini þetta.

3. gr. Sameiginlegir skilmálar – lög um vátryggingarsamninga

- 3.1 Um vátryggingu þessa gilda jafnframt sameiginlegir skilmálar félagsins um afla og veiðarfæratryggingu nr. M-9, eftir því sem við á, vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 3.2 Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019